

2. fundur velferðarnefndar var haldinn á heilsugæslunni Laugarási miðvikudaginn 14. september 2011 og hófst kl. 17.00 Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir, Jón Páll Kristófersson, Helena Helgadóttir, Alma Anna Oddsdóttir, og María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

- 1. Reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála hjá starfsmönnum velferðarnefndar.** Nefndin samþykkir reglurnar.
- 2. Tillögur félagsmálastjóra að nýjum reglum um fjárhagsaðstoð.** Nefndin samþykkir reglurnar.
- 3. Landsfundur jafnréttisnefnda.** Félagsmálastjóri lagði fram ályktun landsfundar sveitarfélaga sem haldinn var í Kópavogi 10-11. september 2011 til kynningar. Félagsmálastjóri lagði til að velferðarnefnd fengi Jafnréttisstofu til að halda fund með sveitarstjórnarmönnum og forstöðumönnum stærstu stofnanna sveitarfélagana til að kynna þeim jafnréttisáætlanir og jafnréttisstarf. Félagsmálastjóri mun jafnframt safna tölulegum upplýsingum um konur og karla í sveitarfélögunum sem nýttast munu við gerð jafnréttisáætlunarinnar.
- 4. Lagður fram tölvupóstur frá sviðsstjóra stjórnslusviðs Bláskógarbyggðar vegna tölvuskeytis frá félagsmálastjóra dags. 13. maí 2011; akstur aldraðra og dagdvöl.** Nefndin vísar í 3. gr. reglna um ferðaþjónstu fatlaðra í Uppsveitum Árneshvíks og Flóa. Nefndin felur félagsmálastjóra að finna hentuga lausn í samvinnu við Bláskógarbyggð.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18.50

Unnur Þormóðsdóttir

Harpa Dís Harðardóttir

Jón Páll Kristófersson

Helena Helgadóttir

Alma Anna Oddsdóttir

María Kristjánsdóttir

